

Fundur svæðisráðs Norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs

Gljúfrastofu 25. maí 2012

Mættir 13.30: Sigprúður Stella Jóhannsdóttir frá umhverfisverndarsamtökum, Böðvar Pétursson Skútustaðahreppi, Helgi Héðinsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir frá Þingeyjarsveit, Grétar Ingvarsson frá samtökum útivistarfélaga og Hjörleifur Finnsson þjóðgarðsvörður sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Áningargerði í mynni Ásbyrgis
2. Varaformaður Svæðisráðs
3. Önnur mál

Hjörleifur rekur forsögu málsins með tilliti til stjórnunar- og verndaráætlunar, endurnýjun deiliskipulags í mynni Ásbyrgis og hugmynda um hestaleigu í mynni Ásbyrgis, sem leiddi til bráðabirgðastaðsetning gerðisins af hendi Þjóðgarðsvarðar sem hann og sendi svæðisráðinu.

Við þær hugmyndir bárust athugasemdir frá Sigprúði Stellu sem leiddi til þessa fundar.

Sigprúður Stella rakti frekar rök sín gegn bráðabirgðsstaðsetningu Þjóðgarðsvarðar:

1. Á umræddu svæði hefur orðið mjög jákvæð og áhugaverð gróðurframvinda s.l. 15 ár. Þarna eru að koma upp sjálfsánar víði- og birkiplöntur innan um annan gróður. Þessi gróðurframvinda er að setja mjög skemmtilegan svip sinn á svæðið meðfram veginum, vestan hans. Áningagerðið, jafnvel sett upp til bráðabirgða, mun skilja eftir sig sár í landinu, sár sem verður lengi að jafna sig. Þetta er ekki eins og tún sem maður plægir, herfar og sáir svo í þegar þurfa þykir.
2. Það er hægt að finna mun hentugri staðsetningu fyrir áningahólfið bæði til bráðabirgða sem og til framtíðar, staðsetningu sem ekki á neinn hátt hefur neikvæð áhrif á hagsmuni viðkomandi ferðaþjónustuaðila. Staðsetningu sem hefði einnig minna rask í för með sér til lengri tíma litið. Þessi staðsetning hefur hinsvegar neikvæð áhrif á aðkomu að Ásbyrgi og fleira sem ætti að vera okkar hagsmunamál að koma í veg fyrir.

Hjörleifur svaraði athugasemdum Sigprúðar Stellu:

Að einhverju leyti smekksatriði hvort hestagerði muni hafa einhver neikvæð áhrif á aðkomu inn í Ásbyrgi, en gerðið mun standa lægra en veghæð og ekki verður gefið í það (ekkert rúlluplast eða hey).

Varðandi Sár og gróðurframvindu, þá greri sandurinn upp m.a. vegna dreifingar skíts. Hið sama munu hestarnir skilja eftir sig, og mun gerðið, ef það verður fært, ekki breyta ásýnd lands varanlega þótt vissulega muni taka einhver ár fyrir sandinn að gróa upp.

Varðandi staðsetninguna vestan vegar taldi Hjörleifur hana vera í samamburði við aðrar:

- Bestu eða jafngóð staðsetning út frá gróður og landskemmdum
- Bestu eða jafngóð staðsetning út frá Viðskiptasjónarmiðum
- bestu eða jafngóð staðsetning út frá öðrum þörfum í Skipulagi
- Langbesta staðsetningin út frá samgöngum (þarf ekki að fara yfir veginn með hesta)

Að þessum umræðum loknum var farið út í skoðunarferð, þar sem ýmsir valkostir voru athugaðir.

Böðvar gerir ekki athugasemd við staðsetningu Þjóðgarðvarðar en bendir á jafnvel enn betri stað að hans mati svolítið sunnar.

Grétar telur gerðið verða að vera norðan og vestan Ásbyrgisvegar, svo ekki þurfi að ríða veginn. Friðrika telur þetta nákvæma staðsetningu smekksatriði, en tekur undir með Grétari með norðan og vestan vegar.

Helgi sammála hinum tveimur um norðan og vestan en gerir ekki athugasemdir við staðsetningu Þjóðgarðsvarðar jafnvel þó hann telji gerði mega vera allt suður í Púttvöll.

Stella ítrekar að hún telji staðsetninguna slæma hvað varðar aðkomu inn í Þjóðgarð og í raun sé allt svæðið vestan vegar frá Norðausturvegi að Gljúfrastofu slæmt en skáni eftir því sem sunnar dregur.

2 Varaformaður

Vegna afsagnar Soffíu Helgadóttur varaformanns úr svæðisráði varð að kjósa nýjan varaformann.

Friðrika kosin varaformaður einróma.

3 Önnur mál

- Nokkrar athugasemdir gerðar við Drög að samningi við Active North.
- Böðvar upplýsti nokkur mál af vettvangi stjórnar
- Hjörleifur upplýsti um nokkur atriði úr rekstri Norðursvæðis

Fundi slitið 16.45